

Kveikjur út frá skynjun, sköpun og útinámi

Saur troðið

Hægt að leyfa börnunum að leika sér með mold. Fara úr skófatnaði og troða moldina eða reyna sópa hana upp. Skoða saur frá mismunandi dýrum og bera saman lögun, lykt, stærð og annað sem kemur upp.

Kveða

Fara í leik þar sem skipst er á að kveða. Þarf þjálfun: hægt að byrja með að mynda stuttar setningar þar sem þau svara hvort öðru. Í öðrum stundum er hægt að leika með rím og svo er hægt að bæta rími við stuttu setningarnar. Sjá hvað gerist og hvaða umfjöllunarefni börnin hafa áhuga á að ræða. Gætu t.d. þóst vera ofurhetjur sem þurfa verjast tröllinu sem vill trylla þau. Til að byrja með gæti kennarinn verið trölldi.

Búa til tröll

Hvað eru tröll? Hvernig lita þau út? Hvaða áferð er á tröllunum? Gætum farið í vettvangsferð og athugað hvort við sjáum einhver tröll í umhverfinu. Andlit í steinum? Gætum búið til tröllastyttur úr t.d. stórum steinum eða snjó. Notað t.d. strá eða þara (ef við erum nálægt fjöru) fyrir hár. Gætum tekið með okkur inn það sem við finnum úti til að geta búið til tröll. Ef við ákveðum t.d. að búa til tröll úr steinum þá getum við málað steinana og límt á þá hár eða augu. Leyfa börnunum að ákveða og finna efnivið fyrir tröllin sín.